


LAX- OG SILUNGSVEIÐIN 1995

GUÐNI GUÐBERGSSON

mars 1996

VMST-R/96004



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf

50 ár
1946-96

Efnisyfirlit:

Inngangur.....	1
Aðferðir.....	1
Laxveiðin 1995.....	3
Stangveiðin.....	4
Netaveiðin.....	5
Hafbeit.....	5
Umræður.....	6
Þakkarorð.....	7
Heimildir.....	8
Myndir og töflur	9 - 21

INNGANGUR

Úrvinnslu veiðiskýrslna fyrir laxveiðina 1995 er nú lokið. Eins og verið hefur sendi Veiðimálastofnun út veiðibækur fyrir veiðitímann og var þeim síðan safnað saman að honum loknum. Í flestum tilfellum bárust bækurnar fljótt en þó var einstaka undantekning sem seinkaði útgáfu heildarsamantektar og í einstaka tilfellum vantar skráningu.

Veiðitölur er oftlega notaðar til að meta verðgildi veiðiáa og skiptingu arðs innan þeirra. Einnig eru veiðitölur lagðar til grundvallar við rannsóknir á fiskstofnum og til að meta árangur af fiskræktaraðgerðum. Góðar veiðiskýrslur eru hornsteinn þess að hægt sé að fylgjast með breytingum á afla og mikilvægar varðandi verndun og viðhalds auðlindarinnar.

Með breytingum á lögum nr:76 frá 1970 um lax- og silungsveiði hefur veiðitími, á laxi og göngusilungi, verið rýmkaður og má nú standa frá 20. maí til 30. september, en þó ekki lengur en 3 1/2 mánuð. Veiðítíma hefur ekki verið breytt viða en þó einna helst á Suðurlandi. Við rýmkaðann veiðítíma breytist veiðiálag frá fyrri árum og getur það haft áhrif á heildarveiði áa. Mikilvægt er að ástundun og stanganotkun sé skráð til að hægt sé að bera saman breytingar á afla á sóknareiningu milli ára. Fremsta opnan í veiðibókinni hefur að geyma eyðublöð sem ætluð eru til þessarar skráningar.

AÐFERÐIR

Úrvinnsla veiðiskýrslna var með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár (Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987; Guðni Guðbergsson 1988; 1989; 1990;

1991; Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1992; 1993 og 1994; Guðni Guðbergsson 1995). Úr hverri veiðibók eru tölvuskráðar upplýsingar um veiðitíma, fisktegund, kyn, þyngd, lengd og veiðarfæri auk veiðistaðar séu þeir númeraðir til að auðvelda skráningu þeirra.

Heildarfjöldi veiddra laxa er lagður saman ásamt heildar- og meðalþyngd veiðinnar. Laxveiðinni er skipt í smálaxa og stórlaxa og er átt við að smálax sé sá lax sem dvalið hafa eitt ár í sjó en stórlax tvö ár eða lengur. Hér er skiptingin gerð þannig að hængar 8 pund og þyngri eru taldir vera tveggja ára úr sjó, en hrygnur 7 pund og þyngri. Þyngdaribilið sem skipting í smálax og stórlax liggur á getur verið breytilegt milli áa og ára, en þessi skipting á við í langflestum veiðiám. Þyngd laxfiska er jafnan gefin upp í pundum en 1 pund er skilgreint sem 500 grömm. Reiknað er hlutfall smálaxa og stórlaxa í veiðinni. Silungsveiði sem skráð er í veiðibækur er tekin saman.

Í hverjum landshluta fyrir sig er veiðin tekin saman og er skipting landsins í landshluta sambærileg skiptingu í kjördæmi.

Líkt og undanfarið er tekinn saman listi yfir laxveiði valinna áa, yfir tímabilið frá 1974 - 1995. Á því tímabili eru upplýsingar til á tölvutæku formi og einnig að miklu leyti sambærilegar milli ára. Breytingar í veiði lýsa í grófum dráttum breytingum í laxgengd. Veiði á silungi, urriða og bleikju, er tekið saman fyrir tímabilið frá 1987 - 1995 fyrir valdar veiðiár. Hér er ekki um tæmandi lista að ræða en leitast við að hafa með þær ár sem vitað er að silungsveiði er skráð reglulega í. Við skráningusilungsveiði er ekki gerður greinarmunur á sjögengnum fiskum og staðbundnum. Auk heildarveiði er reiknuð minnsta og mesta veiði á tímabilinu.

Hafbeitarlaxi var sleppt í nokkrar ár og eru þær auðkenndar í töflum um veiði og er þar ýmist um að ræða veiði á hafbeitarlaxi eingöngu eða að hluta.

Upplýsingum um netaveiði er safnað á svipaðan hátt og um stangveiðina nema að þar eru sjaldnast til upplýsingar um einstaka fiska en þess í stað er stuðst við

heildarveiðitölur viðkomandi veiðijarða. Á Vesturlandi var upplýsingum safnað af Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunar (Sigurður Már Einarsson munnl. uppl.) og á Suðurlandi af Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.).

Tölur um fjölda laxa sem endurheimtust úr hafbeit eru hafðar með í þessari skýrslu. Samanlagt gefa tölur um endurheimtur úr hafbeit og veiði á náttúrulega framleiddum laxi í íslenskum vatnakerfum hugmynd um fjölda íslenskra laxa sem koma aftur eftir dvöl í hafinu. Um endurheimtur í hafbeit er byggt á skýrslu Stefáns Eiríks Stefánssonar (1996) en um skiptingu milli landshluta eru upplýsingar fengnar frá Stefáni Eiríki Stefánssyni (munnl. uppl.).

LAXVEIÐIN 1995

Sumarið 1995 veiddust alls 34,241 lax á stöng, 6.717 laxar veiddust í net í ám, 6.468 laxar í net í sjó og 88.527 laxar endurheimtust úr hafbeit (Tafla 1). Alls eru þetta 135.953 laxar. Heildarþungi veiddra laxa og hafbeitarlaxa var 439,4 tonn sem skiptist þannig að 108,9 tonn veiddust á stöng, 21,7 tonn í net í ám, 19,6 tonn í sjó og 289,1 tonn endurheimtust úr hafbeit.

Samanlagður fjöldi stang- og netveiddra laxa 1995 (Tafla 2) var um 8,1 % minni en meðalveiði áranna 1974 - 1994. Stangveiðin 1995 var um 6 þúsund löxum meiri en hún var á árinu 1994 (Tafla 2, 1. mynd) en 4,5 % minni en meðalveiði áranna 1974 - 1994. Netaveiðin var 16,2 % minni en meðalveiði sömu ára en nokkur aukning var frá undanförnum árum (Tafla 2, 2. mynd).

Fjöldi endurheimtra hafbeitarlaxa var svipaður og var 1994 en þá varð veruleg minnkun frá næstu þremur árum þar á undan, en fram til ársins 1993 hafði fjöldi hafbeitarlaxa farið jafnt og þétt vaxandi (3. mynd).

Stangveiðin

Heildarstangveiði á Íslandi 1995 var 34.241 lax og vógu þeir samtals 108,9 tonn. Af landshlutum veiddust flestir laxar á Vesturlandi 14.086, en fæstir á Vestfjörðum 977 (Töflur 6 - 12). Að þunga til var veiðin einnig mest á Vesturlandi um 44,1 tonn, en næst mest á Norðurlandi vestra um 20,5 tonn.

Flestir laxar veiddust í Norðurá 1.697, en næst flestir í Þverá og Kjarrá 1.638 og í þriðja sæti var Laxá á Ásum með 1.549 veidda laxa. Röð 10 efstu laxveiðiánna er sýnd í töflu 3.

Í skýrslur um stangveiði í ám og vötnum voru í heild skráðir 56.996 stangveiddir silungar, 20.344 urriðar og 36.652 bleikjur Samkvæmt veiðiskýrslum veiddust flestir silungar á Norðurlandi vestra 19.902 og næst flestir á Suðurlandi 18.550 (Töflur 6-12). Af einstökum ám veiddust flestir urriðar í Grenlæk, 3.638 (Tafla 4) og flestar bleikjur í Fljótaá, 6.928 (Tafla 5).

Af stangveiddum löxum voru 25.552 (74,6%) sem verið höfðu eitt ár í sjó en 8.689 (25,4%) tvö ár eða lengur (Tafla 13). Í stangveiði voru 2,9 smálaxar á móti hverjum stórlaxi, í netaveiði voru þeir 1,8 og 7,2 í hafbeit. (Tafla 14).

Veiðíalag af völdum stangveiði hefur verið metið í Elliðaánum og verið frá 34 - 49% (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1995). Líklegt er að stangveiðíalag í íslenskum laxveiðiám sé á bilinu 30 - 80% (Þór Guðjónsson 1986).

Veiðin í þeim ám sem eldisfiskur og hafbeitarlax villist í er nokkru hærri en hún hefði verið ef eingöngu væri um náttúrulega framleiðslu að ræða.

Líkt og gert hefur verið undanfarin ár er sýnd veiði, valinna laxveiðiáa, frá árinu 1974 ásamt meðalveiði og minnstu og mestu veiði tímabilsins (Tafla 15).

Á sambærilegan hátt er veiði urriða (Tafla 16) og bleikju (Tafla 17) á tímabilinu 1987-1995 tekin saman.

Netaveiðin

Heildarlaxveiði í net í ám á Íslandi 1995 var 6.717 laxar sem vógu um 21,7 tonn. Í net veiddust flestir laxar á Suðurlandi 6.238. Í Ölfusá veiddust 1.792 laxar, 1.670 í Hvítá, 2.712 í Þjórsá og 56 í ám í Skaftafellssýslum (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.). Í Borgarfirði veiddust nú 220 laxar í net á vatnasvæði Hvítár, en þar hefur einungis verið veitt í fá net frá 1990, (Sigurður Már Einarsson, munnl. uppl.). Netaveiði í ám var einhver í öllum landshlutum nema á Reykjanesi og Vestfjörðum (Tafla 1). Í netaveiði í sjó veiddust 6.468 laxar sem vógu um 19,6 tonn. Þeir veiddust allir í net við Vesturland, en lögleg sjávarveiði var stunduð þar frá fjórum jörðum. Laxveiði í sjó nú var sú mesta sem verið hefur frá upphafi, en aukning í sjávarveiði hefur að nokkru leyti haldist í hendur við aukin umsvif í hafbeit (Sigurður Már Einarsson munnl. uppl.).

Hafbeit

Í hafbeit endurheimtust alls 88.527 laxar, sem vógu 289,1 tonn. Af þeim endurheimtust 77.757 laxar eftir eitt ár í sjó en 10.770 eftir tvö ár í sjó. Flestir laxar endurheimtust í hafbeitarstöðvar á Vesturlandi og á Reykjanesi (Tafla 1). Fjöldi endurheimtra laxa í hafbeit 1995 var svipaður og 1994, en 1993 var aflinn sá mesti frá upphafi (3. mynd). Árið 1991 var um 5,7 milljón gönguseiðum sleppt til hafbeitar, um 4,6 milljón seiðum 1992, 3,6 milljón seiðum 1993 og um 4,8 milljón seiðum 1994. Árið 1995 mun um 3,2 milljón seiðum hafa verið sleppt til hafbeitar, en þau seiði eiga að skila heimtum 1996. Endurheimtuhlutfallið árið 1995 var 1,62 % af smálaxi og 0,3% af stórlaxi (Stefán Eiríkur Stefánsson 1995).

UMRÆÐUR

Nýting laxveiði á Íslandi hefur verið með mjög líku sniði undanfarin ár en veiðin endurspeglar nokkuð vel laxgengd í árnar. Þó heimilað hafi verið að rýmka veiðitíma hefur það óvísða verið nýtt, en þó má benda á aukningu á veiði í Stóru-Laxá sem lenging veiðitíma gæti hafa haft áhrif á. Eldislaxar sem sloppið hafa úr kvíum og laxar sem villst hafa úr hafbeit, og koma fram í veiði hækka veiðitolur í ám nokkuð (Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1994). Mat á hlutdeild eldis- og hafbeitarlaxa í stangveiði 1995 liggur ekki fyrir.

Netaveiði á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði var nær engin sumarið 1995, og hefur svo verið frá árinu 1990. Netaveiðirétturinn hefur verið leigður af þeim, sem stangveiði stunda og hefur upptaka neta í Hvítá leitt til aukningar í veiði í hliðarám Hvítár. Talið hefur verið að afli í sjávarlagnir hafi haldist nokkuð í hendur við fjöldalaxa í hafi og því að nokkru tengst umsvifum í hafbeit. Þrátt fyrir að fjöldi endurheimtra laxa úr hafbeit hafi staðið í stað milli ára varð aukning í veiði í sjávarlagnir og hefur hann ekki áður verið meiri. Aukning sjávarveiða er umhugsunarverð því eitt af einkennum laxveiði á Íslandi og sérstaða nýtingar þeirra hlunninda hefur verið talin sú að hér væri sjávarveiði ekki stunduð. Aukning í afla sjávarlagna talar öðru máli. Ekki er þó efast um veiðirétt þeirra sem þessa veiði stunduðu frá fjórum jörðum við Vesturland.

Sveiflur í veiði eru í álíka takti í flestum ám í sama landshluta og sýna sambærilegar sveiflur í veiði. Það bendir til umhverfisskilyrði hafi áhrif á stórum svæðum og samstilli sveifluna. Tengsl hafa fundist milli laxgengdar og hitastigs sjávar árið sem gönguseiðin fara til sjávar (Scarnecchia 1984; Þórólfur Antonsson o.fl. 1994)

Hlutfall smálaxa á móti stórlökum í afla hefur farið hækkandi í afla flestra á undanfarin ár. Þetta kemur einning fram í afla í öðrum löndum við Atlantshaf.

Skýringarnar á þessu eru ekki ljósar en svo virðist sem ástand sjávar geti haft áhrif þar á (Sigurður Guðjónsson o.fl 1995). Fjöldi smálaxa í veiðinni 1995 var meiri en árin á undan, einkum á Norðausturlandi, sem gefur vonir um að veiði á stórlaxi geti farið þar vel af stað á komandi sumri. Þar er byggt á þeirri fylgni sem er milli fjölda smálaxa og stórlaxa í veiði árið eftir.

Mun fleiri silungar voru skráðir í veiðinni 1995 en áður hefur verið. Hér kemur væntanlega til bæði aukin ástundun silungsveiði og bætt skráning silungafla. Þrátt fyrir bætta skráningu silungsveiði er enn talsvert í land með að öll silungusveiði sé skráð og er það eitt þeirra framtíðarverkefna, sem þarf að vinna í samvinnu við veiðimenn og veiðiréttarhafa.

Hér skal ítrekað að ef veiðiréttarhafar tölusetja veiðistaði, fæst skipting veiðinnar eftir veiðistöðum við úrvinnslu hverrar veiðiár. Sífellt fleiri hafa tekið upp slíka skráningu.

Þeir sem skráningu veiði annast, eru minntir á að skila veiðiskýrslum til úrvinnslu strax að loknum veiðítíma.

ÞAKKARORÐ

Þóra Vignisdóttir, Bylgja B. Guðjónsdóttir og Valgerður Gunnarsdóttir tölvuskráðu veiðina. Sigurður Már Einarsson safnaði netaveiðiskýrslum á Vesturlandi og Magnús Jóhannsson á Suðurlandi. Stefán Eiríkur Stefánsson safnaði tolum um hafbeit. Ofantöldum aðilum kann höfundur bestu þakkir. Síðast en ekki síst ber að þakka hinum fjölmörgu veiðiréttareigendum, leigutökum og veiðimönnum sem önnuðust skráningu veiðinnar í veiðiskýrslur.

HEIMILDIR

Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1994. Hlutdeild eldislaxa í ám á sv-horni landsins samkvæmt hreisturlestri 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-R/94013.

Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987. Laxveiðin 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/87014.

Guðni Guðbergsson 1988. Laxveiðin 1987. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/88026.

Guðni Guðbergsson 1989. Laxveiðin 1988. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/89019.

Guðni Guðbergsson 1990. Laxveiðin 1989. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/90016.

Guðni Guðbergsson 1991. Laxveiðin 1990. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/91017.

Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1992. Laxveiðin 1991. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/92012.

Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1993. Laxveiðin 1992. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/93016.

Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1994. Laxveiðin 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/94011.

Guðni Guðbergsson 1995. Laxveiðin 1994. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/95008.

Scarnecchia, D.L. 1984. Climatic and oceanic variations affecting yield of Icelandic stocks of Atlantic salmon. Can. J. Fish. Aquat. Sci., 41: 917-935.


Sigurður Guðjónsson, Sigurður Már Einarsson, Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 1995. Relation of grilse to salmon ration to environmental changes in several wild stocks of Atlantic salmon (*Salmo salar*) in Iceland. Can. J. Fish. Aquat. Sci. 52:1385-1398.

Stefán Eiríkur Stefánsson 1996. Framleiðsla í Íslensku fiskeldi árið 1995. VMST-R/96002.


Pór Guðjónsson 1986. Exploitation of Atlantic Salmon in Iceland. I: Atlantic Salmon: Planning for the future. (ritstj.) Derik Mills og David Piggins.

Þórólfur Antonsson Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1992. Sveiflur í veiði og nýliðun fiskstofna. Ægir 85:8 bls 404-410.


Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1995. Rannsóknir á fiskistofnum vatnasviðs Elliðaánnar 1994. Veiðimálastofnun skýrsla, VMST-R/95010X.



1. mynd. Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1974 - 1995.



2. mynd. Fjöldi netaveiddra laxa á Íslandi 1974 - 1995.



3. mynd. Fjöldi endurheimtra laxa úr hafbeit á Íslandi 1974 - 1995.

Tafla 1. Heildarfjöldi og heildarþyngd (pund) fangaðra laxa á Íslandi 1995, skipt eftir veiðiaðferðum og landshlutum (kjördæmum). (1 pund = 500gr).

Landshlutu	Stangveiði		Netaveiði		Hafbeit		Samtals		Hlutfall (%) af heild	
	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjölda	Þyngd
Reykjanes	3668	20491			20558	112952	24226	133443	17,8	15,2
Vesturland	14086	88240	6688	40560	66969	459428	87743	588228	64,5	66,9
Vestfirðir	977	5882					977	5882	0,7	0,7
Norðurland vestra	6108	41035	65	365			6173	41400	4,5	4,7
Norðurland eystra	3004	22098	146	1015	400	2400	3550	25513	2,6	2,9
Austurland	2908	16030	56	280			2964	16310	2,2	1,9
Suðurland	3490	24115	6230	40454	600	3420	10320	67989	7,6	7,7
Samtals:	34241	217891	13185	82674	88527	578200	135953	878765	100,0	100,0
Samtals þyngd í kg:		108946		41337		289100		439383		

Tafla 2. Heildarfjöldi stang- og netaveiddra laxa, auk endurheimtu hafbeitarstöðva, á Íslandi 1974 - 1995. Reiknaður er hlutfallslegur fjöldi (%) náttúrulegra laxa af heildarfjölda laxa.

ÁR	Stangveiði	Netaveiði	Stang- og netaveiði samtals	Hafbeit	Heildarfjöldi samtals	Hlutfall náttúrulegra laxa (%)
1974	34107	18044	52151	3765	55916	93,3
1975	45882	20402	66284	7720	74004	89,6
1976	39249	17130	56379	3247	59626	94,6
1977	41302	20864	62166	2405	64571	96,3
1978	52679	25946	78625	1953	80578	97,6
1979	43955	18306	62261	1967	64228	96,9
1980	30007	18992	48999	3138	52137	94,0
1981	27777	14478	42255	4626	46881	90,1
1982	24671	11107	35778	5340	41118	87,0
1983	29267	17761	47028	11194	58222	80,8
1984	23582	10912	34494	6595	41089	83,9
1985	31621	14942	46563	19750	66313	70,2
1986	46671	20437	67108	24100	91208	73,6
1987	33907	13960	47867	14140	62007	77,2
1988	47979	18781	66760	64017	130777	51,0
1989	30082	11738	41820	48617	90437	46,2
1990	29443	12339	41782	90726	132508	31,5
1991	31492	10454	41946	133203	175149	23,9
1992	42309	12062	54371	140763	195134	27,9
1993	39025	10197	49222	168427	217649	22,6
1994	28042	11846	39888	89225	129113	30,9
1995	34241	13185	47426	88527	135953	34,9
1974 - 1995 meðaltal:	35786	15631	51417	42429	91841	56,0

Tafla 3. Tíu aflahæstu laxveiðíárnar 1995.

Nafn ár.	Fjöldi veiddra laxa
1. Norðurá	1697
2. Þverá og Kjarrá	1638
3. Laxá á Ásum	1549
4. Rangárnar	1523
5. Laxá í Leirársveit	1425
6. Langá	1400
7. Selá í Vopnafirði	1160
8. Grímsá og Tunguá	1123
9. Laxá í Aðaldal	1116
10. Elliðaárnar	1088

Tafla 4. Fimm aflahæstu urriðaveiðisvæðin 1995.

Nafn ár	Fjöldi veiddra urriða
1. Grenlækur	3638
2. Laxá í Þing. ofan Brúa	2562
3. Fremri Laxá á Ásum	2011
4. Laxá í Aðaldal	900
5. Litlaá og Skjálftavatn	464

Tafla 5. Fimm aflahæstu bleikjuveiðíárnar 1995.

Nafn ár	Fjöldi veiddra bleikja
1. Fljótaá	6928
2. Víðalsá og Fitjá	3485
3. Eyjafjarðará	2151
4. Hörgá	1063
5. Breiðalsá	977

Tafla 6. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Reykjanesi (Reykjaneskjördæmi) 1995. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalþ.	Smálax/ stórlax	Fjöldi smálaxa	Meðalþ. smálaxa	Fjöldi stórlaxa	Meðalþ. stórlaxa	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Elliðaár	1088	5552	5,1	14,1	1016	4,8	72	8,8	0	0
Úlfarsá (Korpa)	316	1582	5,0	17,6	299	4,8	17	8,3	19	3
Leirvogsá	520	2551	4,9	9,2	469	4,4	51	9,2	13	5
Kiðafellsá	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0
Laxá í Kjós	866	5236	6,0	3,7	683	5,0	183	10,1	35	0
Bugða	154	905	5,9	5,7	131	5,0	23	10,8	9	0
Brynjudalsá #	597	3949	6,6	2,4	421	5,1	176	10,3	0	6
Botnsá	127	716	5,9	4,8	105	5,0	22	8,7	3	0
Djúpavatn	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	8	931
Reykjanes samtals:	3668	20491	5,6	5,7	3124		544		87	945

Hluti afla úr sleppingu hafbeitarlaxa

Tafla 7. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Vesturlandi 1995.
(þyngd er í pundum, 1 pound = 500 gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalþ.	Smálax/ stórlax	Fjöldi smálaxa	Meðalþ. smálaxa	Fjöldi stórlaxa	Meðalþ. stórlaxa	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Vötn í Svíndal	57	330	5,8	4,7	47	5,0	10	9,6	84	0
Laxá í Leirársveit	1425	7931	5,6	6,4	1233	4,9	192	9,6	153	21
Leirá í Leirársveit	50	310	6,2	2,6	36	4,8	14	9,7	41	40
Hvítá í Borgarfirði	407	2313	5,7	5,4	343	4,8	64	10,6	305	12
Andakílsá	118	725	6,1	4,1	95	5,2	23	10,2	3	218
Grímsá og Tunguá	1123	5932	5,3	7,8	995	4,6	128	10,3	188	1
Flókadalsá	288	1319	4,6	18,2	273	4,3	15	10,5	10	0
Reykjadalsá #	97	744	7,7	1,2	53	5,5	44	10,3	20	9
Norðlingafljót \$	949	9516	10,0	0,4	289	5,7	660	11,9	5	3
Þverá og Kjarrá	1638	11596	7,1	2,0	1094	5,0	544	11,2	152	9
Norðurá	1697	9828	5,8	3,4	1315	4,6	382	9,9	58	11
Gljúfurá	356	1669	4,7	24,4	342	4,5	14	9,1	9	0
Langá	1400	7084	5,1	7,2	1230	4,5	170	9,2	1	5
Urriðaá	37	213	5,8	4,3	30	4,6	7	10,4	85	2
Álftá	263	1688	6,4	3,0	198	5,0	65	10,8	251	2
Hítará og Grjótá	424	2580	6,1	3,0	318	5,2	106	8,8	34	259
Haffjarðará	735	4695	6,4	2,8	542	5,3	193	9,3	12	5
Núpá í Eyjahreppi #	244	1860	7,6	1,2	131	5,6	113	9,9	19	93
Laxá í Miklaholtshreppi #	125	975	7,8	0,8	56	5,5	69	9,6	24	70
Straumfjarðará	315	1980	6,3	3,3	242	5,3	73	9,7	0	0
Lýsa	119	727	6,1	2,6	86	5,2	33	8,6	25	5
Fróðá	26	125	4,8	5,5	22	4,2	4	8,0	3	83
Setbergsá	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0
Laxá á Skógarströnd	41	249	6,1	4,1	33	5,0	8	10,5	0	0
Dunká	76	475	6,3	2,5	54	4,9	22	9,6	0	0
Hörðudalsá	17	101	5,9	2,4	12	4,6	5	9,2	0	423
Sakrauma á Skógarströnd	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	3	0
Miðá og Tunguá	58	392	6,8	2,2	40	5,1	18	10,2	0	674
Haukadalsá neðri	394	2249	5,7	3,1	297	4,5	97	9,4	0	71
Haukadalsá efri	20	115	5,8	3,0	15	4,0	5	10,8	0	590
Laxá í Döllum	764	5320	7,0	2,3	535	5,2	229	11,1	0	18
Fáskrúð	157	965	6,1	2,8	116	4,9	41	9,7	1	1
Glerá	80	523	6,5	2,0	53	4,6	27	10,4	0	1
Laxá í Hvammssveit	33	212	6,4	2,0	22	5,0	11	9,3	1	7
Flekkudalsá (Kjarlaksstaðaá)	109	532	4,9	4,5	89	4,0	20	8,9	4	29
Krossá	100	489	4,9	8,1	89	4,3	11	10,4	3	6
Búðardalsá	31	158	5,1	4,2	25	4,3	6	8,2	0	2
Staðarhólsá og Hvolsá	313	2320	7,4	1,5	190	5,4	123	10,5	1	934
Vesturland samtals:	14086	88240	6,3	3,0	10540		3546		1495	3604

§ Laxveiðin úr sleppingu hafbeitarlaxa

Hluti afla úr sleppingu hafbeitarlaxa

Tafla 8. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Vestfjörðum 1995.
(þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalþ.	Smálax/ stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Porskafjarðará	19	109	5,7	2,8	14	4,7	5	8,7	0	212
Fjarðarhornsá	2	11	5,5		2	5,5	0	0,0	0	135
Mórudalsá	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0
Suðurfossá	7	45	6,4	2,5	5	4,4	2	11,5	0	0
Botnslón	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0
Svínafossá *										
Hvannadalsá *										
Langadalsá	251	1239	4,9	8,0	223	4,3	28	10,1	0	121
Laugardalsá	212	1257	5,9	3,4	164	4,6	48	10,6	1	0
Laugardalsvatn neðra	11	80	7,3	1,2	6	4,6	5	10,6	0	0
Ísafjarðará	8	56	7,0	1,0	4	5,8	4	8,2	0	0
Selá í Skjalfannardal *										
Bjarnarfjarðará	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	158
Selá í Steingrímsfirði	20	150	7,5	0,5	7	5,9	13	8,4	0	145
Staðará í Steingrímsfirði	101	741	7,3	1,3	57	5,8	44	9,3	0	201
Víðidalsá í Steingrímsfirði	59	444	7,5	0,9	28	5,5	31	9,3	0	20
Hrófá	57	373	6,5	2,0	38	5,2	19	9,2	2	59
Prestbakkaá	38	209	5,5	2,8	28	4,1	10	9,4	0	0
Krossá	61	370	6,1	2,2	42	4,5	19	9,5	0	0
Víkurá	98	594	6,1	3,5	76	4,8	22	10,3	1	28
Laxá í Hrútafirði	33	204	6,2	2,3	23	4,3	10	10,4	0	0
Vestfirðir samtals:	977	5882	6,0	2,8	717		260		4	1079

* skýrsla barst ekki.

Tafla 9. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Norðurlandi vestra 1995. (þyngd er í pundum, 1 pound = 500gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalþ.	Smálax/ stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Hrútafjarðará og Síká	288	1904	6,6	2,6	207	5,3	81	10,0	2	221
Tjarnará	30	185	6,2	3,3	23	5,1	7	9,6	0	50
Hamarsá	24	138	5,8	3,8	19	4,6	5	10,4	0	0
Miðfjarðará	1032	7138	6,9	1,6	640	4,9	392	10,2	9	144
Víðidalssá og Fitjá	981	7420	7,6	1,5	587	5,1	394	11,2	16	3485
Vatnsdalsá	601	4212	7,0	2,4	422	5,0	179	11,7	450	812
Giljá	3	26	8,7	0,5	1	4,0	2	11,0	0	0
Gljúfurá	26	181	7,0	4,2	21	5,6	5	12	1	192
Laxá á Ásum	1549	9431	6,1	3,4	1196	5,0	353	9,9	7	0
Fremri Laxá á Ásum	24	113	4,7	23,0	23	4,5	1	10,0	2011	41
Blanda	519	3745	7,2	1,4	306	4,8	213	10,7	75	89
Svartá	547	3219	5,9	4,1	439	4,8	108	10,2	140	197
Langavatn á Refasveit	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	31	0
Seyðisá	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	1	363
Blöndulón	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	119	3157
Laxá á Refasveit	143	1031	7,2	1,9	93	5,0	50	11,3	26	1
Hallá	48	265	5,5	8,6	43	4,7	5	12,2	0	19
Laxá í Nesjum	6	52	8,7	0,2	1	5,0	5	9,4	0	0
Fossá í Skefilst.hr.	16	94	5,9	15,0	15	5,3	1	14,0	0	0
Laxá í Skefilstaðahreppi	30	209	7,0	2,0	20	4,3	10	12,4	12	28
Húseyjarkvísl	73	584	8,0	1,0	37	5,4	36	10,6	373	48
Sæmundará	62	282	4,5	30,0	60	4,4	2	8,0	0	286
Norðurá í Skagafirði	2	9	4,5		2	4,5	0	0,0	5	74
Hrollleifsdalsá *										
Flókadalsá	2	15	7,5	1,0	1	6,0	1	9,0	0	489
Fljótaá	102	782	7,7	1,5	61	5,2	41	11,4	0	6928
Norðurland vestra samtals:	6108	41035	6,7	2,2	4217		1891		3278	16624

* Skýrsla barst ekki.

Tafla 10. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Norðurlandi eystra 1995. (þyngd er í pundum, 1pund = 500 gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalþ.	Smálax/ stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Ólafsfjarðará *										
Svarfaðardalsá	1	5	5,0		1	5,0	0	0,0	18	358
Þorvaldsdalsá *										
Hörgá	3	28	9,3	0,5	1	7,0	2	10,2	11	1063
Eyjafjarðará	17	86	5,1	3,3	13	4,4	4	8,0	130	2151
Fnjóská	60	380	6,3	3,0	45	4,7	15	11,2	27	391
Djúpá	10	59	5,9	9,0	9	4,8	1	16,0	0	10
Skjálfandafljót	273	2003	7,3	1,8	176	5,0	97	11,6	6	151
Laxá í Aðaldal	1116	10773	9,7	0,7	461	5,2	655	12,8	900	52
Laxá í Laxárdal	0	0	0,0		0	0,0	0	0,0	723	2
Laxá í Mývatnssveit	0	0	0,0		0	0,0	0	0,0	1558	1
Laxá í Mývatnssv. Haganess	0	0	0,0		0	0,0	0	0,0	281	4
Reykjadalsá	119	755	6,3	1,7	75	4,5	44	9,5	1	0
Mýrarkvísl	234	1460	6,2	2,9	174	4,8	60	10,3	2	0
Litluárvötn og Skjálftavatn	35	219	6,3	1,7	22	4,7	13	8,9	464	193
Brunná	1	5	5,0		1	5,0	0	0,0	28	147
Deildará	206	1212	5,9	5,2	173	5,0	33	5,9	27	44
Ormarsá	163	881	5,4	9,9	148	5,0	15	9,8	9	103
Svalbarðsá	215	1226	5,7	4,7	177	4,9	38	9,5	5	12
Sandá	209	1249	6,0	4,1	168	4,8	41	10,8	0	0
Hafralónsá	234	1241	5,3	6,3	202	4,5	32	10,3	16	85
Kverká	30	143	4,8	29,0	29	4,6	1	10,0	2	1
Hölkna	78	373	4,8	7,7	69	4,3	9	8,4	4	13
Norðurland eystra samtals:	3004	22098	7,4	1,8	1944		1060		4212	4781

* Skýrsla barst ekki.

Tafla 11. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Austurlandi 1995. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalþ.	Smálax/ stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Miðfjarðá og Kverká	170	872	5,1	10,3	155	4,7	15	9,8	1	0
Selá í Vopnafirði	1160	6350	5,5	9,1	1045	4,9	115	10,7	8	84
Vesturdalsá	329	1844	5,6	4,0	263	4,5	66	9,8	1	474
Hofsá og Sunnudalsá	1028	5613	5,5	6,3	887	4,4	141	12,1	24	183
Gilsá og Selflójöt	32	177	5,5	4,3	26	4,8	6	8,7	27	261
Fjarðará, Sæyðisfirði.	9	49	5,4	8,0	8	4,9	1	10	2	53
Fjarðará, Loðmundarfirði *										
Breiðdalsá	180	1125	6,3	1,6	110	4,6	70	8,7	242	977
Austurland samtals:	2908	16030	5,5	6,0	2494		414		305	2032

* Skýrsla barst ekki.

Tafla 12. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Suðurlandi 1995.
(þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

Nafn ár	Heildarlaxveiði				Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Heildar meðalþ.	Smálax/ stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Geirlandsá	38	231	6,1	3,8	30	4,9	8	10,5	251	48
Skaftá Vatnamót	1	5,5	5,5		1	5,5	0	0,0	345	13
Skaftá Mávab. Hólmasvæði	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	43	1
Hörgsá á Síðu	12	64	5,3	5,0	10	4,5	2	9,0	80	5
Holtsá	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	7	17
Grenlækur	11	40	3,6	10,0	10	2,9	1	9,5	3638	403
Eldvatn f Meðallandi	17	112	6,6	2,4	12	5,6	5	9,0	171	60
Tungufljót	22	137	6,2	3,4	17	5,1	5	9,9	174	67
Kerlingadalsá og Vatnsá	73	410	5,6	5,6	62	4,9	11	9,6	121	12
Heiðarvatn	1	7	7,0		1	7,0	0	0,0	116	131
Rangár og Fiská	1523	9225	6,1	5,2	1279	5,4	244	9,3	230	94
Minnivallarlækur	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	61	2
Kálfá	30	214	7,1	2,0	20	4,7	10	12,0	31	35
Fossá og Rauðá	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	8	165
Kaldakvísl	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	2	120
Kvíslarveita	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	155	0
Veiðivötn	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	5019	76
Þórisvatn	0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	398
Ölfusá	361	2558	7,1	2,5	257	5,5	104	11,1	53	40
Hvítá	580	4640	8,0	1,4	337	5,1	243	11,9	29	126
Hagaós og Brúará	45	382	8,5	0,7	19	5,6	26	10,6	10	167
Brúará, Spóastaðir	9	55	6,1	3,5	7	5,1	2	9,5	8	447
Stóra Laxá	440	3777	8,6	1,1	232	5,4	208	12,2	23	15
Sogið	300	2100	7,0	2,0	201	5,5	99	10,2	15	316
Ásgarðslækur	8	32	4,0		8	4,0	0	0,0	0	2
Baugstaðaós	7	61	8,7	1,3	4	5,3	3	12,0	127	15
Volalækur	9	51	5,7	2,0	6	4,7	3	7,7	247	154
Hlíðarvatn	3	13	4,3		3	4,3	0	0,0	0	4657
Suðurland samtals:	3490	24115	6,9	2,6	2516		974		10964	7586

Tafla 13. Skipting stangveiddra laxa 1995, eftir sjávaraldri og landshlutum.

Landshlutu	Smálax	Stórlax	Hlutfall
	Fjöldi	Fjöldi	Smálax/stórlax
Reykjanes	3124	544	5,7
Vesturland	10540	3546	3,0
Vestfirðir	717	260	2,8
Norðurland vestra	4217	1891	2,2
Norðurland eystra	1944	1060	1,8
Austurland	2494	414	6,0
Suðurland	2516	974	2,6
Samtals:	25552	8689	2,9

Tafla 14. Skipting laxveiði á Íslandi 1995 í smálax og stórlax.

Veiði- aðferð	Smálax Fjöldi	Stórlax Fjöldi	Hlutfall Smálax/stórlax
Stangveiði	25552	8689	2,9
Netaveiði	8494	4691	1,8
Hafbeit	77757	10770	7,2
Samtals:	111803	24150	4,6

Tafla 15.

Fjöldi veiddra laxa valinna laxveðrða á árunum 1974 - 1995. Reiknuð er meðalveði, mesta veiði og minnsta veiði tímabilsins.

Nafn vatnssfalls	V										R										MEDAL-					
	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	VEIDI	MINNSTA VEIDI		
Elliðaár	2033	2071	1692	1328	1383	1336	938	1074	1219	1508	1331	1157	1083	1175	2006	1773	1384	1127	1393	1390	1132	1088	1392	2071		
Úlfarsá (Korpa)	357	438	406	361	327	215	110	166	158	450	225	303	376	245	238	517	457	338	316	339	709	110	938	2071		
Leirvogsgá	332	739	544	474	463	386	136	213	322	514	320	438	324	291	1057	458	489	435	556	428	490	520	451	1057	136	
Laxá í Kjós	1270	1901	1973	1677	1648	1508	950	1290	927	1545	1273	871	1043	933	3422	1819	1370	1328	1053	1103	683	866	1384	3422	683	
Bugða	158	269	410	263	136	125	212	260	232	450	461	283	201	230	389	314	226	265	191	163	100	154	250	461	100	
Brynjudalsá	205	271	185	173	98	24	120	177	68	29	44	59	287	118	385	235	154	118	88	597	172	597	24	597	24	
Laxá í Leirsveit	822	1654	1288	1154	1252	899	707	670	545	708	742	860	1610	914	1887	1186	1052	850	652	747	853	1425	1022	1887	545	
Andakílsá	235	331	262	187	237	138	69	104	89	108	106	101	145	136	203	122	97	134	85	109	125	118	147	331	69	
Hrafna	521	339	388	401	788	573	555	364	348	213	326	597	469	514	439	301	263	572	520	622	560	407	458	788	213	
Grimsá og Tunguá	1419	2116	1439	1103	1952	1527	869	845	717	1382	1061	1463	1836	825	1963	1200	756	1294	1864	1228	1485	1123	1339	2116	717	
Flokadalssá	411	613	432	263	547	377	266	181	234	281	303	351	384	282	293	182	241	350	322	387	341	288	333	613	181	
Reykjadalsá	275	156	185	112	120	105	56	80	100	91	58	42	69	42	33	75	157	107	40	25	97	96	275	25		
Pverá og Kjárrá	1748	2690	2330	2368	3132	3558	1938	1245	1616	1901	1082	1550	2127	1703	1567	1327	1485	1979	2314	1554	1605	1638	1930	3558	1082	
Nordurá	1428	2132	1675	1470	2089	1995	1583	1185	1455	1643	856	1121	1523	1034	1359	867	1070	1267	1965	2117	1625	1697	1507	2132	836	
Gjárfura	150	522	356	400	461	286	130	101	184	225	110	138	280	73	181	133	97	171	286	192	150	356	226	522	73	
Langá	1379	2131	1568	1720	2405	1893	1049	735	1090	960	610	1155	1765	1023	1409	748	1000	951	1290	777	927	1400	1272	2405	610	
Urriðá	84	112	202	102	65	151	162	142	103	155	103	103	105	105	63	34	13	19	54	15	37	81	202	13		
Aflárá	154	341	204	300	386	255	265	267	396	485	268	333	399	202	443	283	245	274	333	242	247	263	299	485	154	
Hifará	383	525	351	346	649	314	167	252	202	201	151	203	506	273	428	225	257	393	255	279	206	424	318	649	151	
Hufnarfjarðará	613	559	624	950	701	494	465	562	625	549	1131	521	875	661	599	711	818	617	672	735	665	1131	465	465		
Straumfjarðará	451	755	433	466	648	391	320	437	350	360	215	327	378	161	334	300	267	308	233	260	253	315	362	755	161	
Vatnsholtssá og vötun																										
Froðá	182	199	254	225	234	130	94	75	100	58	61	71	51	50	51	52	105	29	26	108	254	26	108	254	26	
Grisholtssá og Bakka	60	55	75	70	125	61	24	48	37	64	60	27	38	101	135	200	143	183	126	101	88	107	105	98	119	154
Seibergsá																										
Laxá á Skógarströnd	99	167	114	190	179	177	109	183	121	201	189	277	218	117	242	103	106	101	72	68	33	41	141	227	33	
Dundiá																										
Skráuma	6	10	22	23	18	10	32	16	16	23	124	68	126	71	0	3	6	10	4	0	12	32	0	12	32	
Hofsárdalsá	74	55	55	51	51	55	27	87	50	79	43	18	116	78	62	77	68	17	17	57	116	17	57	116	17	
Miðá og Tunguá	117	245	121	146	135	203	85	182	132	161	128	46	101	35	200	118	90	88	214	112	42	58	125	245	35	
Haukadalssá	810	914	904	862	926	630	408	814	598	886	633	499	817	650	1232	511	540	703	776	632	407	394	707	1322	394	
Laxá í Dölu	341	547	488	419	533	630	324	671	650	947	903	1600	1907	1408	2385	1006	1049	1227	1124	929	625	764	931	2385	324	
Fáskrúð	202	298	136	242	226	261	140	190	154	214	165	257	449	381	464	203	226	183	330	212	96	157	236	464	96	
Flekkudalsá	300	462	343	342	467	509	293	255	237	249	189	133	244	129	360	140	145	241	262	247	100	109	262	509	100	
Krossá á Skarðsströnd	106	120	109	81	106	156	115	157	126	203	93	27	117	51	208	99	30	100	125	114	44	100	109	208		
Búðardalsá	35	126	185	163	180	90	18	140	111	100	144	137	323	101	768	163	331	327	306	274	243	313	213	768	18	
Hvalsdárá																										
Hvalnádalsá	57	56	37	48	41	29	14	21	54	62	23	85	41	32	94	93	64	23	57	41	41	46	94	14		
Söðá í Steinþingisfjörð	34	22	27	17	23	6	7	44	22	18	60	66	95	81	8	64	20	32	95	0	0	0	0	0		
Söðarár í Steinþingisf.	44	100	108	124	101	95	72	46	41	26	25	28	64	40	71	62	118	82	169	43	26	101	72	169	25	
Istafjarðará	10	27	52	29	25	12	9	5	6	14	3	23	16	14	55	15	12	3	8	18	55	3	55	3		
Langárdalsá	78	172	170	189	203	277	206	111	101	98	31	54	112	67	95	130	88	29	29	8	59	59	182	8		
Krossá í Bláum	49	140	125	151	153	109	90	41	109	180	121	88	79	39	19	63	65	52	61	91	91	180	19			
Virkurá	5	38	92	68	121	125	174	61	75	45	70	100	40	89	38	77	70	20	98	77	219	5	219	5		
Prestbakka	44	66	93	105	21	40	57	39	85	115	43	123	51	73	45	12	38	62	123	12	12	12	12			
Laxá í Hrittafjörð	9	32	18	23	17	39	43	61	45	126	165	133	98	69	11	47	96	81	47	12	33	58	165	9		

Fafla 15. Framhald.

Tafla 16.

Fjöldi veiddra urriða valinna áa á árunum 1987 - 1995. Ekki er greint milli staðbundinna og sjógenginna fiska.

Nefn Vatnsefells	V	E	I	D	I	Á	R	Meðal- veiði	Mesta veiði	Minnsta veiði		
	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995			
Laxá í Leirársveit	157	1448	194	219	221	223	180	183	153	331	1448	153
Andakílsá	4	6	1	5	0	2	1	0	3	2	6	0
Hvítá í Borgarfirði	152	190	99	192	0	149	155	364	305	178	364	0
Grímsá og Tunguá	71	49	49	74	4	216	108	357	188	124	357	4
Pverá og Kjarrá	35	80	36	99	0	121	98	109	152	81	152	0
Álfá	29	46	57	108	184	191	156	220	251	138	251	29
Hítará	5	17	14	30	23	23	39	0	34	21	39	0
Hörðudalsá	7	0	5	8	0	0	0	0	0	3	8	0
Miðá og Tunguá		0	0	1	0	4	0	1	0	1	4	0
Heukadalsá	0	0	78	3	1	2	1	0	0	11	78	0
Staðarhólsá og Hvolsá	3	2	3	2	6	3	1	2	1	3	6	1
Fjardærhornsá	0	2	1	0	0	0	0	0	0	0	2	0
Selá í Steingrímsfirði	0	0		0	0	0	0	0	0	0	0	0
Steðará í Steingrímsfirði	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	1	0
Hrútafjarðará og Síká	1	1	0	2	7	1	0	0	0	2	7	0
Miðfjarðará	20	16	7	58	41	6	10	7	9	19	58	6
Víðidalssá og Fitjá	0	3	26	13	41	34	23	14	16	19	41	0
Vatnssdalsá	366	685	245	667	571	506	335	388	450	468	685	245
Fremri Laxá á Ásum	1069	2352	338	2965	4121	3911	2709	2744	2011	2469	4121	338
Húseyjarkvísl	60	7	12	426	476	483	369	540	373	305	540	7
Hrollleifsdalsá		0	13	7	34	102	59	53		38	102	0
Flókadalsá	87	27	93	111	109	54	82	0	70	111	0	
Fljótaá	0	3	0	10	0	0	0	0	0	2	10	0
Svarfaðardalsá			24		44	23	40	18		30	44	18
Hörgá			23	79	25	24	38	11		33	79	11
Eyjafjarðará	34	49	26	67	165	86	100	153	130	90	165	26
Fnjóská	20	8	14	14	31	25	12	45	27	22	45	8
Skjálffandafljót	591	99	150	119	79	88	44	53	6	137	591	6
Laxá í Aðaldal	835	894	1079	1275	1465	1286	1307	705	900	1083	1465	705
Laxá í Laxárdal		807	1075	1012	606	708	508	679	723	765	1075	508
Laxá í Mývatnssveit	2351	3786	3235	2186	1905	1808	1263	1558	2262	3786	1263	
Litluárvötn	710	610	422	784	684	730	583	464		623	784	422
Ormarsá	35	50	21	20	31	28	15	42	9	28	50	9
Selá í Vopnaf.	3	8	10	14	9	2	4	2	8	7	14	2
Vesturdalsá	3	1	9	5	4	4	0	6	1	4	9	0
Hofsá og Sunnudalsá	11	8	53	31	60	43	54	22	24	33	54	8
Gilsá og Selfljót	33	12	15	72	70	53	39	20	27	38	72	12
Breiðdalsá	197	31	15	148	169	245	117	307	242	163	307	15
Geirlandsá	362	303	356	193	88	109	108	118	251	210	362	88
Skaftá	442	1286	483	192	424	354	464	405	388	493	1286	
Eldvatn í Mæðallandi	84	170	92	35	27	38	112	129	171	95	171	27
Grenlækur		700	894	1425	1648	2640	2338	3311	3638	2074	3638	700
Tungufljót	62	67	148	84	134	134	249	156	174	134	249	62
Heiðarvatn		215	399	301	373	284	255	116	230	278	399	116
Rangár og Fiská			179	163	527	359	337	230		299	527	163
Ölfusá		60	29	44	70	52	58	366	53	92	366	29
Sogið	2	6	8	6	10	7	6	11	15	8	15	2
Hróarholtslækur	403	550	466	322	391	449	301	580	374	426	580	301

Tafla 17.

Fjöldi veiddra bleikja valinna á árunum 1987-1995. Ekki er greint milli staðbundinna og sjögenginna fiska.

Nafn vetrnsfalls	V	E	I	D	I	Á	R	Meðal-veiði	Mesta veiði	Minnsta veiði		
	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995			
Laxá í Leirársveit	0	7	7	1	4	6	18	14	21	9	21	0
Andakilsá	10	231	284	479	3	341	0	3	218	174	479	0
Hvitá í Borgarfirði	27	9	15	19	613	88	106	14	12	100	613	9
Grímsá og Tunguá	1	2	2	24	250	12	3	6	1	33	250	1
Þverá og Kjarrá	3	9	111	76	113	14	35	25	9	44	113	3
Álfá	0	1	2	1	4	6	10	9	2	4	10	0
Hítará	193	134	132	234	518	396	184	0	259	228	518	0
Hörðudalsá	18	291	231	614	451	340	271	423	330	614	18	
Miðá og Tunguá		73	70	470	478	660	530	411	674	420	674	70
Haukadalssá	679	22	11	237	919	149	267		661	368	919	11
Staðarhólsá og Hvolsá	401	224	338	941	882	397	616	733	934	607	941	224
Fjardárhornsá	20	107	306	562	536	233	73	80	135	228	562	20
Selá í Steingrímsfirði	261	12	229	334	259	77	404	145	215	404	12	
Stæðará í Steingrímsfirði	584	35	13	183	385	265	264	163	201	231	584	13
Hrútfjarðará og Síká	269	59	68	221	532	192	135	129	221	203	532	69
Miðfjarðará	236	167	89	221	273	152	97	123	144	167	273	89
Víðidalssá og Fitjá	1325	366	26	377	547	467	676	1214	3485	943	3485	26
Vatnssá	727	1182	270	1642	1851	1112	1427	1058	812	1120	1851	270
Fremri Laxá á Ásum	137	236	15	34	52	35	6	26	41	65	236	6
Húseyjarkvísl	7	2	8	64	28	17	32	44	48	28	64	2
Hrollleifsdalsá		47	45	221	401	410	381	628		305	628	45
Flókadalssá	110	1028	280	2134	2198	1144	1040	1673	489	1122	2198	110
Fjótáá		1	44	627	643	881	1242	7071	6928	2180	7071	1
Svarfaðardalsá				873		1049	668	1691	358	928	1691	358
Hörgá				1692	1394	1238	1783	1590	1063	1460	1783	1063
Eyjafjarðará	1657	1467	127	2123	2836	3095	3080	3319	2151	2195	3319	127
Fnjóská	496	217	238	390	469	239	251	550	391	360	550	217
Skjálflandafjót	275	338	561	391	331	160	173	198	151	286	561	151
Laxá í Aðaldal	35	187	114	137	86	48	114	57	52	92	187	35
Laxá í Laxárdal		18	0	13	8	1	4	1	2	6	18	0
Laxá í Mývatnssveit		1	63	3	2	2	1	0	1	9	63	0
Litluárvötun	297	307	310	368	551	258	220	193		313	551	193
Ormarsá	245	114	141	181	175	127	131	126	103	149	245	103
Selá í Vopnaf.	249	56	52	211	105	103	51	106	84	113	249	51
Vesturdalsá	506	51	78	513	1402	726	321	383	474	495	1402	51
Hofsá og Sunnudalsá	357	32	143	67	357	471	268	261	183	238	471	32
Gilsá og Selfljót	230	61	71	455	382	368	242	381	261	272	455	61
Breiðdalsá	453	74	70	600	22	23	410	369	977	333	977	22
Geirlandsá	60	69	48	29	50	43	40	39	48	47	69	29
Skaftá	14	28	12	23	5	7	19	28	14	17	28	5
Eldvatn í Meðallandi	21	22	3	21	3	27	19	6	60	20	60	3
Grenlækur		78	12	151	247	177	288	273	403	204	403	12
Tungufljót	63	37	28	107	65	46	43	85	67	60	107	28
Heiðarvatn			106	203	213	319	159	296	131	204	319	106
Rangár og Fiská				76	65	106	90	83	94	86	106	65
Ölfusá		8	7	12	17	12	10	72	40	22	72	7
Sogíð	256	312	227	426	558	173	130	209	316	290	558	130
Hróðarholtslækur	13	134	110	144	84	172	92	136	169	117	172	13